

Birta CBD ehf.  
Sóltúni 24  
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2021  
UST202109-066/F.K.  
07.10.02

## Eftirlit - Húðólía með jarðaberjabragði - Málslok

Vísað er til bréfs dags. 21.9.2021 þar sem gerð var grein fyrir frávikum sem komu fram við skoðun á sýnishorni af vörunni Ósk, 25% full spectrum sem var sent til Umhverfisstofnunar vegna eftirlits í kjölfar ábendingar. Birta CBD ehf ber ábyrgð á markaðssetningu vörunnar og er hún boðin til sölu í vefversluninni <https://birtacbd.is>.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörunnar séu merktar í samræmi við úrbætur sem fyrirtækið hefur lagt fram vegna málsins.

Að framansögðu telst eftirfylgnimáli því sem hófst með bréfi dags. 21.9.2021 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirliti með Ósk, 25% full spectrum og því aðeins gerðar athugasemdir við þá vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Birta CBD ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð 13.200 kr.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir  
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson  
teymisstjóri